

Til Samráðsgáttar stjórnvalda.

Frá Landeigendafélagi Reykjahlíðar ehf.

Reykjavík 27.2.2020

Efni: Umsögn f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. um frumvarp til laga um breytingu á ýmsu er varðar eignarráð og nýtingu fasteigna (aðila utan EES-svæðisins, landeignaskrá, ráðstöfun stórra landeigna, aukið gagnsæi o.fl).

Hér er gróflega vegið að beinum stjórnarskrárvörðum eignarrétti landeigenda. Með þessum tillögum er augljóslega fyrst og fremst ætlað að tryggja stjórnvöldum áhrif og vald um það hvernig farið verði með eignarrétt að landi sem er í einkaeigu og setja landeigendum hömlur um það hvernig eignarréttur þeirra verði framseldur.

Verið er að búa til ferli sem er landeigendum til mikils tjóns. Hér verið að verðfella landareignir (jörð er fasteign) í einkaeigu með handaflí. Hvernig myndu fasteignaeigendur á stór Reykjavíkursvæðinu taka því ef ráðherra hefði alræðisvald með framsal á sölu fasteigna nú eða fasteigna á minjaskrá í eigu einkaðila?

Hér er um að ræða enn eina svæsnustu aðför opinberra aðila sem um getur að stjórnarskrárvörðum beinum einkaeignarrétti. Hún gengur þvert á 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar, allt frá því að þjóðlendulögin voru sett (58/1998). Það er meginregla samkvæmt íslenskum rétti að landeigandi eigi einkarétt til nýtingar og meðferðar á landareign sinni.

Það er með ólíkindum að sjá slíkar tillögur á 21stu öldinni, tillögur sem standast engin rök og vinna hreint og beint gegn lögvörðum beinum eignarrétti landeigenda/bænda og ferðapjónustuaðila á Íslandi. Hér er leynt og ljóst verið færa ákvarðanavaldið til ráðherra og/ríkis, sem hvað eftir annað hafa ekki riðið feitum hesti fyrir Evrópuðomsstólum og tapað þar nær öllum sínum málum. Óskiljanlegt að alþingismenn skuli láta teyma sig út í slíka frumvarpstíllögur.

Ríkið fær ekki háa einkunn hvað varða lagsetningu/-ar sem ganga þvert á stjórnarskráðan beinan eignarrétt í einkaeigu á Íslandi. Enn samt á að halda áfram, það er með ólíkindum. Hér er unnið í takt við það sem „almannarómur á höfuðborgarsvæðinu“ rekur áróður fyrir í ljósi þekkingarleysis. Eigendur eru ekki hafðir með í ráðum né leita samráðs við aðra en þá sem síst hafa lögvarða hagsmuni á viðkomandi landareignum.

Verði þessar tillögur að lögum eru yfirgnæfandi líkur á að ríkir hagsmunir landeigenda lendi í höndum aðila sem eiga pólitískra hagsmuna að gæta og ótengdum og fjarlægum embættismönnum. Allt mun þetta leiða af sér mikla vinnu og ekki síst mikinn biðtíma eftir að stjórnvöldum þóknist að taka sínar ákvarðanir.

Ríkið getur lagt allar kvaðir eða hömlur á sínar þjóðlendu en ekki á eignarlönd með beinum eignarrétti. Síkt stenst ekki stjórnarskrá. Er ekki mál að linni gagnvart ítrekuðum árásum og afskiptum af beinum eignarrétti landeigenda/bænda á Íslandi? Þjóðlendulögin komu aftan að landeigendum, þar sem sönnunarbyrðin um beint eignarhald lá hjá landeigendum/bændum en ekki öfugt þ.e. hefði átt að vera hjá ríkinu.

Og nú á að koma inn bakdyramegin og læða inn nýjum ákvæðum sem útiloka stjórnarskrávarinn sjálfsákvörðunarrétt viðkomandi landeigenda/bænda og annarra um framsal á sínu eigin landi.

Við styðjum heilshugar umsögn frá Landssamtökum Landeigenda á Íslandi í öllum atriðum um þetta mál.

f.h./LR ehf.

Ólafur H. Jónsson verkefnisstjóri

Sími/Tel: + (354) 893 0015

olih@oson.is